

T I L L A G A

til þingsályktunar um stefnur þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðmundur Þór Guðmundsson

Kirkjuþing ályktar að stefnur þjóðkirkjunnar haldi gildi sínu eftir því sem við á.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Í 33. máli 2021-2022 var gildistími stefna þjóðkirkjunnar framlengdur til 1. júlí 2022. Þar sem ekki hefur unnist tími til að endurskoða allar stefnur þjóðkirkjunnar er lagt til að þær haldi gildi eftir því við á.

Gildandi stefnur þjóðkirkjunnar eru eftirfarandi:

1. Stefnumótun kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 28. mars 2022.
2. Jafnlaunastefnu Þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021.
3. Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021.
4. Vímuvarnarstefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 22. nóvember 2021
5. Stefna þjóðkirkjunnar í málefnum innflytjenda og fólks á flóttu. Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021.
6. Fasteignastefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt kirkjuþingi 2018, breytt á kirkjuþingi 2019 og 2020-2021. (Ný fasteignastefna er lögð fram á þessu kirkjuþingi).
7. Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 2019.
8. Fræðslustefna þjóðkirkjunnar 2018-2022. Tók gildi 1. janúar 2019. (Ný fræðslustefna er lögð fram á þessu kirkjuþingi).
9. Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 2018.
10. Samkirkjustefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 2016.
11. Samskiptastefna þjóðkirkjunnar 2011-2014. Samþykkt á kirkjuþingi 2011.
12. Fjárfestingarstefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 2008.
13. Fjölskyldustefna. Samþykkt 2006.
14. Stefna og starfsáherslur þjóðkirkjunnar 2004-2010. Samþykkt á kirkjuþingi 2003.
15. Starfsmannastefna þjóðkirkjunnar. Tók gildi 1. janúar 2003.

16. Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Samþykkt á kirkjuþingi 2000.
17. Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar. Ódagsett.
18. Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar. Samþykkt á kirkjuþingi 2018.
19. Stefna þjóðkirkjunnar um kristniboð. Ódagsett.